



# Jarðhitafélag Íslands

---

## **Fundargerð 101. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands** mánudaginn 20. febrúar kl. 15:00 í húsakynnum HS Orku.

Mættir: Jakob S. Friðriksson, formaður, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Magnús Ólafsson og Sigurður M. Garðarsson.

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### **2. Aðalfundur og vorfundur JHFÍ 2012.**

Fundirnir verða haldnir þriðjudaginn 17. apríl kl. 13 og 14, í húsakynnum Arion Banka. ÁM verður fundarstjóri aðalfundar, GAS ritari. Þema vorfundarins verður Jarðhitanýting: ávinningur og verkefni framundan. GAS vinnur drög að dagskrá en JSF, ÁM og BP kanna með erindi frá sínum fyrirtækjum, þar sem fjallað verður um svæðin sem unnið er með, orkugetuna, stöðu verkefna o.fl.

### **3. Innheimta félagsgjalda.**

Innheimtan fer nú fram skv. nýju kerfi, bankainnheimta, og gengur vel.

### **4. Drög að ársuppgjöri 2011**

CB kynnti drög sem fara til endurskoðenda félagsins, með einni viðbótarskýringu.

### **5. Niðurfellingar úr félagaskrá**

CB lagði fram lista yfir skráða félagsmenn, einstaklinga og fyrirtæki/stofnanir, sem ekki hafa greitt félagsgjöld a.m.k. síðustu þrjú ár. Ákveðið að kanna með nokkra aðila þar sem ástæða þótti til, t.d. vegna breytinga á vinnustað, en jafnframt ákveðið að strika nokkur nöfn út úr félagaskrá.

### **6. Nýir félagsmenn.**

Tvær beiðnir um inngöngu hafa borist frá síðasta stjórnarfundu og var þeim báðum tekið fagnandi af stjórninni. Þetta eru annars vegar Gísli Guðmundsson jarðefnafræðingur og hins vegar fyrirtækið Landeigendur Reykjahlíðar ehf.

### **7. Önnur mál.**

Rætt var um jarðhitaráðstefnu sem íslenski jarðhitaklasinn stendur fyrir í Hörpu á næsta ári og samþykkt að JHFÍ myndi ljá verkefninu hvern þann stuðning sem gagn gæti verið að (þó ekki bein fjárframlög), svo sem á sviði kynningarmála gagnvart IGA.

Næsti fundur mánudaginn 19. mars kl. 15:00, í húsakynnum Mannvits, Grensásvegi 1.

Fundi slitið kl. 16:15. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---